

Nd. 125. Frumvarp til laga [106. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma, þó eldri sé en 12 ára, sbr. 26. gr. laga nr. 52 12. maí 1970.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1974 gerði Olíumöl hf. í Hafnarfirði samning við norskt fyrirtæki um byggingu olíustöðvar í Hafnarfirði fyrir móttöku og geymslu á vegolíu og asfalti. Var stöð þessi reist eins og samningar stóðu til og hefur Olíumöl hf. starfrækt stöðina til framleiðslu á olíumöl.

Eftir að olíustöðin var tekin í notkun hefur Olíumöl hf. tekið að sér umfangsmikil verkefni, bæði á Vestfjörðum og víðar, við malbikunarframkvæmdir. Í sambandi við þessi verk varð að flytja asfaltið frá stöð félagsins í Hafnarfirði á viðkomandi staði úti um land. Efnid þurfti að flytja í heitu ástandi, og var það fyrst sett 160 stiga heitt á einangraða geyma, sem voru fluttir með bílum. Þessir flutningar reyndust næstum ógerlegir í framkvæmd.

Á s. l. ári bauðst félaginu til kaups í Noregi asfaltprammi, sérstaklega byggður til flutninga á heitri olíumöl. Getur hann flutt 220 tonn af efninu í ferð.

Þar sem prammi þessi er langtum eldri en tilskilið er í 26. gr. laga nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, hefur ekki verið hægt að kaupa hann, heldur hefur hann verið leigður Olíumöl hf. Fleyta þessi er byggð 1860, en samkvæmt upplýsingum frá sænskum yfirvöldum kaupir Nynäs Petroleum skipið og endurbyggir það sem tankpramma fyrir asfalt árið 1948. Árið 1955 er pramminn styrktur til siglinga á Eystrasalti. Var hann síðan notaður til olíu- og olíumalarflutninga til ársins 1973, að núverandi eigandi, Norske Fina A/S, kaupir pramman og endurbyggir hann til frekari asfaltflutninga við strendur Noregs.

Umrætt skip hefur reynt mjög vel hér á landi, enda er það að mestu leyti endurbyggt, þannig, að þó að frumsmíði skipsins sé gömul, þá er flest nýtt í því, þ. e. allar vélar og tæki og bolurinn endurnýjaður eftir því sem þörf hefur verið.